

Landlæknir um ásanir Geðhjálp vegna fyrrum Byrgis- og Breiðavíkufólks:

Aðstoðin í æskilegum farvegi

HEILBRIGÐISMÁL „Það sem snýr að heilbrigðisþjónustunni varðandi fólkið sem dvaldi á drengjaheimilinu í Breiðavík annars vegar og Byrgisins hins vegar, er í þeim farvegi sem við óskuðum eftir. Landlæknisembættið gerir engar athugasemdir við það,“ segir Matthías Halldórsson landlæknir um framkomnar athugasemdir stjórnar Geðhjálp varðandi þá þjónustu sem stendur umræddum hópum til boða. Hann segir landlæknisbættið hafa valið til teymisvinnunnar það fólk sem hæfast hafi þótt og borið sé fullt traust til þess.

Matthías segir það sína skoðun að heilbrigðismálaráðuneytið hafi



MATTHÍAS HALLDÓRSSON Landlæknir segir upphlaup Geðhjálp illskiljanlegt.

brugðist vel í þeim þætti málsins sem að því snýr.

„Ég skil ekki alveg þetta upp-

hlaup í Geðhjálp því þaðan hefur ekki verið haft samband hingað. Þeim er fullkunnugt um að landlæknisembættið hefur eftirlit með heilbrigðisþjónustunni, en frá þeim hefur ekki heyrst eitt einasta orð.“

Matthías kveðst hafa verið í sambandi við þau teymi á LSH sem sjái um að aðstoða umrætt fólk, sem þess óski. Allir sem þangað komi fái sín mál í einhvern farveg, en vandamálin séu oft mjög flókin og erfið og þau verði ekki leyst á einum degi. Sex konur úr Byrginu og sautján menn úr Breiðavík hafi nú leitað aðstoðar og fólkið séu hvatt til að hafa samband.

- jss